

## Skýrsla stjórnar SEM og H-SEM 2025

Það hefur verið annríki á árinu þrátt fyrir að aðstæður hafi verið óvenjulegar.

Í lok síðasta sumars, þegar átti að hefja framkvæmdir við orlofshús SEM á Akureyri, kom í ljós að lóðin sem við ætlum að byggja húsið okkar á í Eyjafjarðarsveit væri enn að síga undan fargi. Þetta kom öllum í opna skjöldu, og eina lausnin í þessari stöðu væri að bíða eftir að sigið stöðvist. Enn hefur ekki verið gefin tími á það, en reynslan sýnir að slíkt getur tekið 10-17 mánuði. Verkefnið er því í bið, en vonandi verður hægt að hefjast handa nú í sumar. (júní-júlí 2025)

Aðeins frá Orlofs húsa sögu SEM, þegar ég og meirihluti sitjandi stjórnar tókum við, þá átti SEM sumarhús í Úthlið (Litla skyggni) Húsið var orðið ansi lúíð, illa á sig komið, sigið og komið að miklum endurbótum með tilheyrandi kostnaði. Orlofshúsið var sett á sölu og seldist það á einhverjar nokkrar millj (6 – 8 ) í því standi sem það var. Árið 2015 var tekin ákvörðun um að kaupa orlofsíbúð á Akureyri við Kjarnagötu 41 á 28,4 millj og innbú fyrir rúmar 2 millj. Kjarnagatan var góð en alltaf vantaði aðeins upp á útiaðstöðu og sambúð við íbúa hússins var á köflum ekki góð. Tók þá stjórn SEM ákvörðun um að selja Kjarnagötu á 58,3 millj í mars 2023 og byggja orlofshús með þarfir mænuskaða í 100 %, fest voru kaup á lóð inn í Eyjafjarðarsveit (Hrafnartröð) og teiknað upp einbýlishús á þá lóð, verkefnið er í biðstöðu vegna jarðsigs Verkefnið var áætlað í kring um 120 millj króna.

## Styrkjamál og áhrif þeirra

Mikil vonbrigði voru að fá synjun á styrkumsóknum okkar hjá ÖBÍ fyrir hjólaverkefnið og jafningjafræðsluna á Grensási. Afleiðingin varð að við neyddumst til að draga úr þessum verkefnum, sem hafa verið okkar föstu verkefni undanfarin ár. Vinna er hafin að afla fjár á annan hátt.

Síðustu sumur höfum við boðið upp á ókeypis hjólaferðir fyrir fólk með mænuskaða. Ferðirnar hafa reynst ómetanlegar, ekki aðeins fyrir hreyfingu heldur einnig til að opna augu fólks fyrir því sem náttúran hefur upp á að bjóða. Til að halda út þessum ferðum þarf þó ávallt aðstoðarmann og reynslumikinn mænuskaðaðan einstakling sem skilur þarfir þátttakenda, auk þess sem hjólin þurfa viðhald, þrif og geymslu. Ekki var hægt að sinna þessu sl ár vegna fjárskorts á verkefnið.

Jafningjafræðslan á Grensási hefur einnig verið mikilvæg. Á hverjum þriðjudegi erum við með reynslumikið fólk á staðnum til að veita nýsköðuðum stuðning. Það skiptir sköpum að geta spurt um framtíðina og fengið svör beint frá þeim sem hafa gengið í gegnum sama ferli. Hins vegar vitum við líka að stundum vill fólk ekki ræða stöðuna sína. Þess vegna er föst viðvera svo mikilvæg – þannig geta nýskaðaðir leitað til okkar á sínum forsendum.

Synjunin á styrkumsókninni var rökstudd með því að við hefðum sótt um styrki fyrir sömu verkefni þrjú ár í röð. Það er hins vegar óraunhæf krafa gagnvart félagi eins og okkar, sem telur um rúmlega 100 félaga, þar af eru 30-40% virkir í vinnu og félagslífi. Stór hluti félagsmanna hvorki hreyfir né finnur fyrir 50-95% af eigin líkama, sem kallar á mikla

fyrirhöfn í daglegu lífi. Það að vera með nýtt verkefni á hverju ári er því ekki raunhæft – við erum öll í tveimur fullum störfum: annars vegar að lifa með mænuskaða og hins vegar að sinna fjölskyldu, vinnu og heimili.

**Framfarir og framtíðarsýn**

Frá því að stór hluti núverandi stjórnar tók við hefur mikið verið gert, þar á meðal:

- Klæðning Sléttuvegar 3 (safnað fyrir í Landssöfnun)
- Endurbygging salarins (Safnað fyrir hjá fyrirtækjum og velunnurum SEM)
- Úrbætur í aðgengismálum
- Áhersla á jafningjafræðslu (Styrkur frá ÖBÍ og Vel)
- Hjóla- og hreyfingarverkefni (Safnað fyrir með 400 km verkefni) SEM fuglinn fljúgandi
- Fjöldi félags- og fræðslufunda

Allt sem SEM og H-SEM hafa gert á undanförunum árum er með óþrjótandi vinnu Formanns, stjórnar vina og vandamanna, SEM samtökin eru ekki á fjárlögum og hefur verið safnað fyrir hverri einustu krónu í styrkjaformi, áskorunum, happadrættissölu, stuðning frá félögum, fyrirtækjum, einstaklingum og ríkinu.

Þrátt fyrir áskoranir er framtíðin björt, og mörg verkefni eru í burðarliðnum sem þarf að klára.

Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til formanns SEM að þessu sinni en mun leggja mig fram við að ljúka þeim verkefnum sem hafa verið hafin, svo nýr formaður geti tekið við með hreint borð og einbeitt sér að nýjum verkefnum.

**FH Stjórnar SEM**

**Arnar Helgi Lárusson.**